



Borgarráð

Frítt í sund

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 27. júní 2022 var samþykkt samhljóða svohljóðandi tillaga meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um frítt í sund fyrir börn á grunnskólaaldri:

Lagt er til að frítt verði í sund fyrir börn á grunnskólaaldri frá og með 1. ágúst 2022.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykkti að vísa tillögunni til borgarráðs með ósk um fjárveitingu vegna ársins 2022 að upphæð 12 mkr.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram eftirfarandi bókun:

Almenn þátttaka fjölskyldna í sundi er brýnt lýðheilsumál og það er stefna meirihlutans að stuðla að því að sem flestir nýti sér hinar frábæru sundlaugar í borginni. Með þessari tillögu tryggjum við að frítt verður í sund fyrir börn á grunnskólaaldri. Sömuleiðis verður boðið upp á endurgreiðslu á kortum sem foreldrar og forráðamenn hafa keypt, jafnt 10 miða kortum og 6 eða 12 mánaða kortum fyrir börn. Breytingin tekur gildi 1. ágúst og kemur því fjölskyldum til góða í sumar.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Tillaga

Frítt í sund fyrir börn á grunnskólaaldri

Lagt er til að frítt verði í sund fyrir börn á grunnskólaaldri frá og með 1. ágúst 2022.

Greinargerð

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir í fyrstu aðgerðum: Við ætlum að hafa ókeypis í sund fyrir börn á grunnskólaaldri.

Aðgengi borgarbúa á öllum aldri að sundlaugum borgarinnar er brýnt lýðheilsumál í borginni.

Kostnaðarauki vegna ársins 2022 er áætlaður 12 mkr. og vegna ársins 2023 30 mkr.

Gera þarf ráð fyrir að endurgreiðsla á þegar seldum 6 mánaða og 12 mánaða kortum, ásamt 10 miða kortum, geti numið allt að 7.4 mkr. Því má gera ráð fyrir kostnaðarauka árið 2022 allt að 19.4 mkr.